

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Landafræði LAN103 Kennsluáætlun haustönn 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari: Kristján Tryggvason kristjan@vma.is KTR

Áfangalýsing: Í þessum áfanga er fjallað um landafræði sem fræðigrein, notagildi hennar og tengsl við aðrar fræðigreinar. Lögð er áhersla á kortalestur og að efla staðfræði þekkingu nemandans þar sem markmiðið er að vita m.a. hvar öll ríki heims eru og þekkja um 250 helstu staði á Íslandi. Fjallað er um lofthjúpin, ræktarlandið og um nýtingu mannsins á auðlindum jarðar og vandamálum sem því fylgja og helstu úrlausnarleiðir. Fjallað er um sambandið milli þróunarríkja og iðnríkja, mælikvarðar á þróun kynntir og skoðað af hverju fátæku ríkin eiga svo erfitt með að brjótast úr viðjum fátæktar. Einnig er fjallað um iðnað, heimsviðskipti og borgir heims. Nemendur fá að spreyta sig á því að afla upplýsinga um einstök ríki á netinu sem og í bókum og kynna fyrir bekknum í máli og myndum.

Markmið:

- Þekki staðsetningu flestra landa heimsins á landakorti auk útvaldra staða á Íslandi.
- Þekki mismunandi tegundir korta og kortvarpana, m.a. kosti þeirra og galla, viti mun á staðfræðikorti og þemakorti og geti nýtt sér kort til þekkingaröflunar.
- Þjálfist í að reikna út mælikvarða. Þekki þróun borga, skipulag og sögu
- Þekki bauganet jarðar, helstu hugtök því tengdu og kunni að finna út staðsetningar.
- Þekki helstu hugtök í landnýtingu, skipulagi og hvernig málum er háttað á Íslandi.
- Þekki helstu auðlindir á Íslandi, hvernig nýtingu á þeim er háttað og hvernig þær tengjast búsetumynstri landsins.
- Þekki dreifingu, vöxt og hreyfingu fólksfjölda.
- Viti hvernig heimurinn skiptist og hvað einkennir iðnríki og þróunarlönd.
- Þekki helstu greinar atvinnulífsins, viðskiptasamninga og bandalög og hvað ræður staðarvali iðnfyrirtækja.
- Kunni og geti skilgreint helstu hugtök lýðfræðinnar, t.d. fæðingartíðni, dánartíðni og lífslíkur.
- Þekki loftslag, veður og gróðurfar jarðarinnar, t.d. gróður- og loftslagsbelti, jarðveg og jarðvegseyðingu.

Námsgögn: Landafræði, maðurinn – auðlindirnar – umhverfið. Þýdd af Jónasi Helgasyni. Mál og menning (Edda útgáfa) 2005, 2. útgáfa eða yngri. Kortabók (1996 eða yngri).

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
34-35	1. Landafræði - allt um heiminn (8 - 31) M.a. um auðlinda-nýtingu, hringrásir og sjálfbæra þróun. Kjarnasvæði – jaðarsvæði. Kort: bauganet, kortavarpanir, hæðarlínur. Heimsmyndin í tímans rás. Íslandskort og kortasaga. 2. Jörðin – reikistjarnan okkar (32 - 39). Ýmis lykilatriði fyrir tilvist lífs á jörðinni. Árstíðirnar og möndulhallinn. Tímabeltin og tímamunur.	Tímaverkefni úr köflum 1 og 2 Staðfræðiverkefni
36-37	3. Mannkynið og búsetan (40 - 68). Tengsl ýmissa lífsskilyrða og þéttbýlis. Fólksfjöldaþróun í heiminum og hvernig hún er tengd m.a. velmegun og menntun. Hugtök í lýðfræði kynnt: mannfjöldapíramídar, frjósemisstuðull, náttúruleg fólksfjölgun. Fólksflutningar, þjóðir og landamæri. Íbúar landsins okkar.	Tímaverkefni úr k. 3 Staðfræðiverkefni Stöðupróf 1 úr köflum 1-3
	4. Jarðskorpan (69 – 123) Við sleppum þessum kafla nema bls.104 varðandi myndun lössjarðvegs og bls. 115 – 117 um mismunandi gerðir jarðvegs.	

38-39	5. Vatnið – lífsnauðsynleg auðlind (124 - 159). Við sleppum þessum kafla nema bls. 130-131 sem koma inn á tvö meginvandamál mannkyns, þ.e. flóð og jarðvegseyðingu. Einnig bls. 138 sem kemur inn á endurbætta nýtingu vatnsins. 6. Veður, loftslag og gróðurfar. (160 – 201) Fellibyljir, lofthjúpur jarðar, vindakerfin, hiti, úrkoma, úrkomutegundir, loftslagsbelti. El Ninjó, hitahvörf, loftslagsbreytingar. Gróðurbelti jarðar. Gróður og jarðvegur á Íslandi.	Tímaverkefni úr k. 6 MOODLE æfing
40-41	7. Lifað af landinu (202 - 231). Um jarðveginn, loftslagið og aðgengi vatns til ræktunar. Sjö greinar landbúnaðar. Íslenskur landbúnaður.	Staðfræðikönnun/sjálfspróf (2%)
42-43	11. Ein jörð – margir heimar (312 - 337). Iðnríki - þróunarlönd. Grunnstoðir, þróunarkvarðar, einkenni, kröfur þróunarlandanna á iðnríkin. Frumkvöðlar. Íslensk þróunar-samvinna.	Tímaverkefni úr köflum 7 og 11
41-43	Hópverkefni Land að eigin vali – uppl.öflun og kynning	Stöðupróf 2
44-45	8. Iðnaður, viðskipti og samgöngur (232 - 265). Greinar atvinnulífsins, staðarval iðnaðar, alþjóðavæðing. Nauðsyn viðskipta, viðskiptasamningar og bandalög. Þróunarþríhyrnurinn. Val á flutningatækjum. Iðnaður og þjónusta á Íslandi.	Tímaverkefni úr k. 8
46-47	9. Borgir, borgarumhverfi og skipulag. (266 – 285) Borgvæðing og þéttbýlisstig. Borgir gegnum tíðina. Mism. gerðir borga. Upplönd borga. Þéttbýlismyndun á Íslandi.	Tímaverkefni úr k. 9

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Lokapróf	70%
Stöðupróf	Stöðupróf 1, staðfræðikönnun/sjálfspróf (2%), stöðupróf 2. Betra stöðuprófið gildir 10% en það eru engin sjúkrapróf tekin.	12%
Frammistaða á önn	Tímaverkefni gilda 6% og MOODLE æfing úr 6. kafla 2%.	8%
Annað	Hópvinnu (gagnaöflun og kynning): 2-3 í hóp þar sem hver hópur velur sér eitthvert land í heiminum og kynnir það í máli og myndum í 10-15 mínútur. Til þess að ná áfanganum þarf nemandi að ná vissu lágmarki í staðfræði, þ.e. vera með 10 atriði rétt af 44 á lokaprófi.	10%

ATH: Engin sjúkrapróf í stöðuprófunum. Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils